

Heiti áfanga: DANS3DV05

Titill: Sjálfstætt verkefni

Staða áfanga: Áfanginn er valáfangi á öllum brautum.

Undanfarar: DANS3CC05.

Stutt lýsing á efni áfangans: Áfanginn er P-áfangi og byggir á sjálfstæðri vinnu nemenda. Nemendur hafa frjálssar hendur um val á verkefnum og vinnuaðferðum í samstarfi við og undir leiðsögn kennara. Vinnuferlið markast af kröfu um skapandi hugsun, heimildaöflun sem styðst m.a. við fræðilega texta sem tengjast viðfangsefninu.

Nemendur geta valið um hvernig þeir leggja fram vinnu sína.

Nokkur lykilhugtök áfangans: Nemendur velja verkefni eftir áhuga sínum á efninu, t.d. danskar bókmenntir, kvikmyndir, listir, danskt samfélag, skólakerfið, stjórnmal, dönsk hönnun, þættir úr sögu Danmerkur, tengsl Íslands og Danmerkur, norræn samvinna. Nemendur gera vinnuáætlun í upphafi áfangans og halda dagbók um ferlið.

Námsmat: Áfanganum lýkur með lokaverkefni. Nemandinn kynnir ferlið og lokaverkefnið fyrir kennara og prófdómara. Einnig verður metið hvernig nemandanum gekk að halda vinnuáætlun.